

Mánudaginn 19. febrúar 1934.

Nr. 67/1933. **Stjórn Útvegsbanka Íslands h/f**

(Th. B. Lindal)

gegn

H/f Kveldúlfur (Jón Ásbjörnsson).

Umboðsölulaun.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1932: Stefnt h/f Kveldúlfur greiði stefnandanum, Útvegsbanka Íslands h/f í Reykjavík, kr. 257,73 með 6% ársvöxtum frá 12. dez. 1930 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu útg. 6. júlí 1933 að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 29. júní s. á.

Í hæstarétti hefir það verið upplýst, að hinar endursendu umbúðir, er ræðir um í málinu, eru enn í vörzlum stefndu, en þar sem því ómótmælt er haldið fram, að áfrýjanda hafi staðið til boða að taka þær í sínar vörzlur. Þá haggar þetta eigi niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um þennan lið í kröfu áfrýjanda.

Eftir málflutningnum verður það eigi talið sannað, að miðlaralaun hafi verið innifalin í umboðslaunum þeim, er áfrýjandi greiddi fyrir sölu hinna umræddu afurða árin 1929 og 1930.

Að þessu athuguðu og að því viðbættu, að eigi eru færðar sönnur á að umboðslaun þau er stefndu hafa reiknað sér, séu ósanngjörn, samanhæf sérstaklega álit verzlunarráðsins, er fengið hefir verið í málinu, og með því, að varakrafa áfrýjanda um að úrslit málsins, að því er til umboðslaunanna tekur, verði látin koma undir eiði

Þess af framkvæmdarstjórum stefndu, er samdi um málið við áfrýjanda á sínum tíma, ekki verður tekin til greina, verður að fallast á ástæður hins áfrýjaða dóms og staðfesta hann, en með því að stefndu létu eigi mæta við sáttaumleitun í málinu þykir rétt, að málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu h/f Kveldúlfur, greiði áfrýjanda, stjórn Útvegsbanka Íslands h/f, kr. 257,73 með 6% ársvöxtum frá 12. dez. 1930 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er að undangenginni árangurslausri sáttatilaun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. janúar 1931, af stjórn Útvegsbanka Íslands h. f., gegn h. f. Kveldúlfur, hér í bæ, til greiðslu skuldar vegna umboðssölu, kr. 33334.57, ásamt 8% ársvöxtum frá 6. maí 1930 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndur viðurkenndi þegar í málinu, að skulda stefnanda kr. 6968,03 af hinni umstefndu upphæð og undir rekstri málsins hefir hann greitt stefnanda þessa upphæð ásamt vöxtum, en stefnandi jafnframt lækkað hina umstefndu kröfu um sömu upphæð. Að öðru leyti hefir stefndur krafizt sýknu í málinu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa.

Málavextir eru þeir, að árið 1928 tókst hið stefnda félag á hendur með munnlegum samningi við stjórn Íslandsbanka, eða einn af bankastjórum bankans, að selja í umboðssölu sildarafurðir h/f Andvara á Flateyri, er

bankinn hafði til ráðstöfunar. Stefnandi, sem nú er eigandi að eignum og skuldum h/f Andvara telur stefndan eiga hina umstefndu upphæð ógreidda vegna umboðs-sölnunnar.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Vanreiknað gengi á £ 5158-9-3 kr. 22,10
í stað kr. 22,15 kr. 257,73
 2. Rangfært af stefndum til skuldar fyrir
Andvara, pokar £112-10-0 — 2491,88
 3. Ofreiknuð sölulaun £ 677-17-8 — 15015,12
 4. Vantaldir vextir til 6. maí 1930 — 8601,81
- og skulu nú þessir liðir athugaðir hver fyrir sig.

1. *Vanreiknað gengi.* Stefndi heldur því fram, að honum hafi aðeins borið að greiða £ með kaupgengi banka, kr. 22,10, en ekki með sölugengi þeirra kr. 22,15. En þar sem stefndi tók að sér, með samningi við bankann, að selja vöru, er bankinn hafði til ráðstöfunar, verður að álita að honum hafi borið að greiða bankanum með skráðu sölugengi myntar þeirrar, er hann seldi fyrir, úr því hann greiddi ekki andvirði vörunnar með mynt þeirri, er fyrir hana fékkst. Ber stefndum því að greiða ofan nefndar kr. 257,73.

2. *Pokarnir.* Stefndur telur standa þannig á þessum lið, að hann hafi selt „parti“ af síldarmjöli h. f. Andvara gegn því, að kaupandi hefði rétt til þess að endursenda umbúðirnar (pokana) og átti þá andvirði þeirra að dragast frá kaupverði. Kveður stefndi pokana hafa verið endursenda og þar eð hann hafi verið búinn að reikna h. f. Andvara kaupverð þeirra til tekna, hafi hann dregið andvirðið frá aftur. Þessari umsögn stefnds hefir ekki verið hnekkt af stefnanda og á hann því ekki rétt til upphæðar þeirrar, er í öðrum lið greinir.

3. *Sölulaunin.* Hér er um meginkröfu stefnanda að ræða. Stefndur hefir reiknað sér og dregið frá söluandvirði vörunnar 4% í umboðslaun, en stefnandi heldur fram að honum beri aðeins 2%. Um umboðslaun var enginn skriflegur samningur gerður, en stefndur heldur því fram, að munnlega hafi verið samið um 4%. Gegn mótmælum stefnanda, sem styðjast við framburð Eggerts Claessen, fyrv. bankastjóra, er samningsaðili var að hálfu Íslands-banka gagnvart stefndum, hefir stefndur þó engar sönn-

ur fært á það að þannig hafi verið um samið. Stefndandi heldur því hinsvegar fram, að samið hafi verið um 2% og styður það við fyrnefndan framburð Eggerts Claessen, sem hann leiddi sem vitni í málinu. Kvaðst vitnið „eftir því sem samtöl fóru fram hér að lútandi . . . hafa gengið út frá því, að umboðslaunin yrðu þau sömu, sem h. f. Andvari hafi áður borgað“, þ. e. a. s. 2% og hafi vitnið haft þennan skilning á samtölum þeim, er hann átti við forstjóra hins stefnda félags. Framburð vitnisins tók stefndur jafngildan og eiðfestur væri, en mótmælti honum sem röngum og vitninu auk þess sem vilhöllu, þar eð það ætti sæti í bankaráði Útvegsbankans og hefði einnig á sínum tíma verið við málið riðinn sem samningsaðilji. Rétturinn verður að fallast á það, að framburður þessa vitnis skeri ekki úr um það, um hvaða sölulaun hafi verið samið eða hvort yfirleitt hafi verið samið um nokkur ákveðin sölulaun. Til þess er framburðurinn einnig allt of óákveðinn. Hefir stefndandi þar með ekki heldur tekizt að sanna að samið hafi verið um ákveðin sölulaun.

Úrslit þessa málsatriðis virðist því verða að velta á því, hvort upplýst sé um venju, er myndast hafi í þessu efni, eða ef svo er ekki, hvort sölulaun þau, er stefndur reiknar sér, verði að teljast bersýnilega ósanngjörn.

Það verður nú að teljast nægilega upplýst í málinu af hálfu stefnds með vottorði Halldórs Halldórssonar á rjskj. nr. 7 sbr. við rjskj. nr. 8 og 13 og fyrnefndan framburð Eggerts Claessen, að umboðslaun þau, er h. f. Andvari greiddi fyrir sölu sildarafurða á næstu árum fyrir 1928, hafi aðeins numið 2% og að sömu umboðslaun hafi numið árið 1929—1930 1—2%, og er þá átt við allan kostnað, sem fallið hefir á eigendur verksmiðjunnar vegna sölunnar. Verzlunarráð Íslands hefir í svarbréfi við fyrirspurn stefnds um venju í þessu efni lýst því yfir, að „eigi muni vera að ræða um neinar fastar venjur um umboðsbóknanir fyrir sölu á afurðum þeim“ er um ræðir í málinu, þar eð þóknunin fari eftir ýmsum atvikum. Þó skuli þess getið, að umboðslaun á islenzkum afurðum megí almennt telja 2% og beri þá eigandi afurðanna venjulega allan símakostnað og annan kostnað við söluna, svo sem miðlaraun. Ennfremur segir svo í svarbréfi Verzlunarráðsins: „Sé umboðsmaður seljanda sjálfstæður útflyt-

andi frá Íslandi er hefir fasta viðskiptamenn eða umboðsmenn í því landi eða löndum, sem varan selst til, er vitanlegt að slíkir umboðsmenn (útflytjendur) hafa fengið 4% í umboðslaun, en bera þá allan kostnað við söluna innan lands og utan, svo sem skrifstofukostnað, simakostnað og greiðslu til umboðsmanna sinna í landinu þar sem varan er seld.

Þótt upplýsingar stefnanda um greiðslu sölulauna á árunum fyrir og eftir 1928, í sambandi við framburð vitnisins, Eggerts Claessen, skapi að visu töluverðar líkur honum í hag, verður þó, þegar jafnframt er tekið tillit til vottorðs Verzlunarráðsins, ekki álitid að fyrir liggi í málinu fullnægjandi sannanir um það, hver séu venjuleg söluumboðslaun af afurðum þeim, sem hér um ræðir, eða yfirleitt hvort nokkur venja hafi myndast í því efni. Stefnur hefir og haldið því fram, að hann hafi orðið að greiða milligöngumönnum erlendis umboðspóknun auk þess sem hann hafi greitt allan simakostnað o. þ. h. við söluna og þótt hann hafi að visu ekki, þrátt fyrir gefið tilefni af hálfu stefnanda, lagt fram greinargerð fyrir því hversu mikill þessi kostnaður hans hafi orðið, getur það út af fyrir sig, ekki valdið því að ekki verði tekið tillit til slíks kostnaðar. Þykir því, með skírskotun til síðari hluta svarbréfs Verzlunarráðsins ekki vera færðar sönnur á það, að þóknun sú. 4%, sem stefndur reiknar sér, sé bersýnilega ósanngjörn, og verður þá ekki unnt að taka hér umræddan kröfulið stefnanda til greina.

4. *Vextirnir.* Þar sem stefnandi átti ekki rétt á, gegn mótmælum stefnds, að fá greidda vexti af kröfu sinni, að því leyti sem hún yrði tekin til greina, frá fyrri tíma en sáttakæruðegi, kemur þessi liður ekki til frekari álita. Hinsvegar hefir stefndi gengið inn á að vaxtaupphæð frá sáttakæruðegi verði ákveðin 6%.

Úrslit máls þessa hér í réttinum verða þá þau, að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 257,73 ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakæruðegi 12. dez. 1930 til greiðsludags. Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Sökum margvíslegra anna dómarans hefir dómur í máli þessu ekki orðið uppkveðinn fyrri en nú.